

Nd.

16. Frumvarp til laga

[14. mál]

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til laga um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna gifurlegrar hækkunar á verði innflutts eldsneytis að undanfögnu beri brýna nauðsyn til að grípa þegar til ráðstafana í því skyni að draga úr olíunotkun og hraða framkvæmdum á sviði innlendrar orkuframleiðslu og dreifingar. Í þessu skyni

þurfi að heimila lántöku og gefa ábyrgðarheimildir fyrir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs umfram það sem ákveðið var með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979, er nemi 2 275 millj. kr.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 10. júlí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.